



# DKG

INTERNATIONAL SOCIETY  
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Haust 2016*

*Félag kvenna í fræðslustörfum  
á Íslandi*

## Fjögur kerti

Það var búið að kveikja á öllum fjórum kertunum á aðventukransinum. Í kringum þau ríkti þögn. Ef einhver hefði verið nálægur hefði hann heyrt kertin tala saman.

Fyrsta kertið andvarpaði og sagði: „Ég er friðarkerti. Ljós mitt lýsir en fólkíð býr ekki í friði hvert við annað. Fólkinu er alveg sama um mig!“ Ljósið á fyrsta kertinu varð minna og minna þangað til það sloknaði alveg.

Annað kertið flókti og sagði: „Ég heiti trú. En ég er alveg óþarfi. Fólkinu er alveg sama um Guð, það vill ekkert af honum vita. Það hefur engan tilgang að það sé ljós á mér.“ Krafturinn í kertinu sem nefndi sig trú var þrotinn. Lítil trekkur dugði til. Ljósið sloknaði.

Með lágrí, dapurri röddu tók þriðja kertið til máls: „Ég heiti kærleikur. En ég hef enga orku til þess að láta ljós mitt skína. Fólkíð er búið að ýta mér til hliðar. Það sér bara sig sjálft og ekki náungann sem þarf á kærleikanum að halda.“ Að þessum orðum mæltum sloknaði á þriðja kertinu.

Lítið barn kom inn í herbergið þar sem aðventukransinn stóð á borðinu. Með tárin í augunum sagði það: „Mér finnst ekki gaman þegar það er slökkt á ykkur.“

Þá svaraði fjórða kertið: „Ekki vera hrætt, kæra barn. Meðan ljós er á mér getum við kveikt á hinum kertunum. Ég heiti von.“ Það var gleðisvipur á andliti barnsins þegar það notaði ljósið af vonarkertinu til þess að kveikja á kærleikskertinu, trúarkertinu og friðarkertinu. Að því loknu sagði barnið eins og við sjálfst sig: „Nú geta jólin komið í alvöru.“

Þýsk saga <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=4656>

## Jóla Sveiðjur frá samskipta- og útgáfunefnd



Kæru DKG-systur!

Jólahugleiðingin er að þessu sinni eftir Sigrúnu Jóhannesdóttur og hún segir meðal annars frá því hvernig jólin birtust flóttafólki sem kom til landsins árið 1956 og tókst að skapa sér gott líf hér á landi. Hún minnir okkur á að við þurfum öll að leggja okkar af mörkum vegna þess erfiða ástands sem víða ríkir nú á tímum.

Eygló Björnsdóttir landssambandsforseti segir okkur frá því sem er fram undan, landssambandsþingi á Akureyri í maí, Evrópuþingi í Tallinn í Eistlandi í júlí og undirbúningi að nýrri stjórn samtakanna. Eygló var einnig ein þeirra sem fóru á þing alþjóðasamtakanna í Nashville í Tennessee í sumar og segir hún okkur frá því með sinni góðu frásagnargáfu.

Ingileif Ástvaldsdóttir, skólastjóri Þelamerkurskóla og félagi í Mýdeildinni, segir frá því sem henni þótti áhugaverðast, lærdómsríkast, erfiðast og skemmtilegast af því sem fram kom á alþjóðaráðstefnu um menntun flóttabarna sem var haldin nýlega í Stokkhólmi.

Að þessu sinni segja nokkrar DKG-systur okkur frá því hvað það hefur gert fyrir þær að vera í DKG og hvert þær vilja sjá samtökin stefna. Og að lokum eru að venju fréttir frá deildunum.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og gæfu á komandi ári og þakkar fyrir góð skil á efni.

Sólborg Alda Pétursdóttir  
Valgerður Magnúsdóttir  
Sigrún Kristín Magnúsdóttir  
Kappadeild



## Pistill frá landssambandsforseta Eygló Björnsdóttur

Kæru félagar í Delta Kappa Gamma!

Tíminn flýgur, og eftir hlýtt og yndislegt haust er aðventan að skella á og hátíð ljóss og friðar á næsta leiti. Vetrarstarfið okkar er hafið með miklum krafti og allar deildir búnar að setja niður starfs-áætlun vetrarins. Fundur framkvæmdaráðs var haldinn 10. september og var vel sóttur og ánægjulegur. Við áttum góða samræðu um félagsskapinn okkar og hvernig við gætum sem best unnið með markmið samtakanna að leiðarljósi og verið virkar. Deilt var úr „reynslubönkum“ og skipst á hugmyndum, sem væntanlega skilar sér í starfið í deildunum í framtíðinni. Deildirnar eru hjarta félagsins og starfið í þeim skiptir mestu máli. Eins og við allar vitum er eitt af kertunum okkar þremur tákni um vináttuna og ég held mér sé óhætt að segja að vináttan sé einn af stóru þáttunum sem bindur okkur saman þótt vissulega sé fagmennskan þar alltaf samofin. Þetta birtist á fundum í deildunum okkar og jafnvel á fjölmönnum þingum líkt og á alþjóðasambandsþinginu okkar í Nashville sem ég sótti í sumar (sjá umfjöllun hér á öðrum stað í fréttabréfinu) er vináttan og hlýtt viðmót ásamt fagmannlegu starfi það sem upp úr stendur.

Varðandi starfið fram undan ber helst að nefna landssambandsþingið sem haldið verður á Akureyri dagana 6.–7. maí næstkomandi. Menntamálanefndin okkar, ásamt vöskum hópi kvenna í Beta- og Mýdeild, er farin að undirbúa þingið af fullum krafti. Búið er að taka frá 20 tveggja manna herbergi á Icelandair-hótelinu hér á Akureyri í nafni Betadeildar og verða þau frátekin til **1. mars**. Við norðankonur höfum frétt að einhverjar deildir séu þegar búnar að panta sér gistingu á gistiheimilum og orlofshúsum, enda um marga möguleika að ræða í þeim efnum hér á Akureyri. Einnig höfum við frétt eftir „óáreiðanlegum heimildum“ að félagskonur á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu séu farnar að huga að rútupöntun ☺. Það er mikil vinna að skipuleggja svona þing og þær sem að því koma leggja á sig mikla vinnu.



Í sumar er svo einnig Evrópuþing samtakanna en ég vona að sem flestar ykkar sjái sér fært að mæta og taka þátt í faglegri umræðu og styrkja vináttuböndin. Nánari upplýsingar verða birtar þegar nær dregur en að þessu sinni er það haldið hjá yngstu landssamtökunum í Evrópu, nánar tiltekið í Tallinn í Eistlandi 25.–29. júlí. Félagar okkar í Eistlandi eru á fullu við að undirbúa þingið og mikill áhugi er hjá okkur íslensku konunum að mæta á þetta þing enda Tallinn falleg borg sem gaman væri að sækja heim og ég hvet ykkur, bæði þær sem aldrei hafa sótt Evrópuþing og hinar sem „sjóaðri“ eru, að fjölmenna. Ég vek líka athygli á að Evrópuþingið 2019 verður væntanlega haldið hér á Íslandi og þá þurfum við í öllum deildum að leggja fram vinnu, bæði við undirbúning og meðan á þinginu stendur. Því er gott að þekkja skipulag á svona þingi af eigin raun og fylla á „reynslubankann“ í Tallinn.

Á næstu vikum tekur uppstillingarnefndin okkar til starfa og leitar til félagskvenna með setu í nýrri stjórn landsambandsins. Ég hvet ykkur eindregið til að skoða það með jákvæðu hugarfari að taka sæti í næstu stjórn DKG ef eftir því verður leitað. Þannig getur þið haft áhrif og verið virkar í að gera gott félag enn betra og styrkja um leið deildarstarfið.

Að lokum óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

F.h. landssambandsstjórnar:  
Eygló Björnsdóttir, landssambandsforseti.

## **Jólahugleiðing** **Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild**



Í bernsku minni vestur á fjörðum á 6. áratug síðustu aldar voru jólin jákvæður tími þar sem betri hliðar mannlífsins voru dregnar fram, heimilin þrífín hátt og lágt, sparifötin endurbætt eða endurnýjuð og fólk gerði betur við sig í mat og drykk en venjulega. Epli og appelsínur komu í verslanirnar rétt fyrir jólin og eplaimurinn var merki um að jólin væru í nánd því þessir ávextir fengust ekki á öðrum árstímum. Fólkið sótti kirkju, söng saman jólasálmanna, hvert með sínu nefi, gaf hófsamar gjafir og skipulagði jólaskemmtanir þar sem fjölskyldur jafnt og einstæðingar komu og glöddust saman. Allir lögðu sig fram um að skapa hátíðarbrag og þótt víða væri þröngt í búí, veikindi eða önnur vangeta, deildi fólk kjörum og hjálpaðist að. Jólastermningin var ekki háð peningum heldur hugarfari.

Þetta er sú friðsæla mynd sem fjölmargir sem komnir eru um og yfir miðjan aldur hafa af jólum bernskunnar og sú mynd sem okkur er gefin í skáldsögum og kvikmyndum fyrri tíma.

Haustið 1956, í aðdraganda jólanna, er mér þó sérstaklega minnisstætt því þá skynjaði ég fyrst ógnir stríðs og áhrif þess á kjör og aðstæður fólks. Allir fréttatímar útvarpsins voru uppfullir af fréttum af uppreisninni í Ungverjalandi og því sem var að gerast þar. Fullorðna fólkið sat með alvörusvip og óttaðist að aftur kæmi stríð í Evrópu. Börnin fylgdust með viðbrögðum fullorðna fólksins og skynjuðu vanlíðanina sem fréttirnar framkölluðu. Það var rætt um flóttamenn og hvort við gætum gert eitthvað hér á Íslandi. Þetta voru dimmir dagar – en svo komu jólin!

Ég las nýlega grein með viðtali við tvær ungverskar konur sem komu hingað með hópi flóttamanna á aðfangadag 1956 í leit að mannsæmandi lífi eftir að hafa dregið fram lífið í flóttamannabúðum í Austurríki við kröpp kjör. Í greininni er komu þeirra til Íslands lýst á eftirfarandi hátt:

*Það voru framandi aðstæður sem tóku við hópnum; snarvitlaust veður og allt á kafi í snjó enda 24. desember. Þær viðurkenna að þegar rútan skreið í svartamyrkri upp í Mosfellssveit þar sem hópurinn átti að gista í félagsheimilinu Hlégarði næstu tvær vikur hafi þær hugsað með sér hvað í ósköpunum þær væru búnað að koma sér út í.*

*„Það sem hins vegar beið okkar var svo stórkostlegt að við munum ekki gleyma því meðan við lifum. Búið var að skreyta risastórt jólatré og undir því voru yndislegar jólagjafir. Þá var búið að safna ótrúlega miklu af fatnaði og nauðsynjum fyrir okkur. Þetta var ákaflega tilfinningaríkt. Hvert eitt og einasta okkar var svo spurt að því hvað viðkomandi starfaði og reynt var að finna okkur starf sem hentaði,“ segir Elísabet en báðar voru þær lærdir hjúkrunarfræðingar.“*





Það er líklega sameiginlegur draumur flestra okkar hér í heimi að við fáum öll að lifa við sómasamleg skilyrði og getum búið okkur gott og innihaldsrikt líf, alla daga. Sá draumur virðist þó víða býsna fjarlægur en þyrfti ekki að vera það ef við hefðum fundið lækningu við hvers konar ofurgræðgi sem er undirrot svo margra vandamála í heiminum. Hún birtist í því að þeir sem hafa aðstöðu til þess sölsa undir sig margfalt umfram þarfir af þeim verðmætum sem jörðin býr yfir. Þau verðmæti gætu bætt líf fjöldans ef jafnar væri skipt. Þetta mikla ójafnvægi er hættulegt ástand og sagan sýnir að það sé og hafi verið undirrot flestra hörmunga af mannavöldum.

Ein birtingarmynd hörmunganna er þegar fólk flýr óbærilegt líf á heimaslóð og leitar nýrra heimkynna í von um betra líf. Sumir spá því að það ástand eigi eftir að versna stórlega, ekki bara vegna stríðsátaka heldur einnig vegna afleiðinga rányrkju á jörðinni sem eyðileggur möguleika fólks á að brauðfæða sig.

Nú höldum við enn og aftur jól í skugga fréttu af ólýsanlegum þjáningum fólks sem reynir að flýja til lífvænlegri staða, fullorðnir og börn. Sams konar hörmungar og fyrir sextíu árum en miklu stórfelldari og áleitnari. Nú gerir tæknin það að verkum að fréttatímar fjölmiða eru stöðugt uppfyllir af myndrænum fréttum um stríðsátök og flóttamenn. Stórir sjónvarpsskjáir sýna okkur helsærð börn, næstum því í beinni útsendingu, og hrakið fólk á flóttu á manndrápsfleytum að reyna að komast burt í betra líf. Við sitjum stjórn og fylgjumst með og veltum fyrir okkur hvað við getum gert til að lina þjáningar þessara flóttamanna en finnum okkur oftast en ekki vanmegna að gera nokkuð sem munar um en á meðan heldur stríðið áfram að geisa.

Við þurfum að finna leiðir til að deila kjörum hvert með öðru, hjálpast að við að tempra lífshætti okkar, yrkja jörðina á þann hátt að allir hafi viðunandi lífsskilyrði um leið og við verndum jörðina í átt að sjálfbærni.

Og nú eru aftur jólin í nánd sem geta færð okkur birtu og samkennd eins og forðum, hvatann til að deila kjörum. Sem betur fer er nokkuð stór hluti Íslendinga fólk sem er fúst að haga lífi sínu þannig að við séum samfélag sem deilum kjörum sem mest. Mörg dæmi heyrum við af fólki sem vinnur í annarra þágu án þess að hafa hátt um það, gefur af launum sínum mánaðarlega eða sinnir störfum í sjálfböðavinnu án þess að ætlast til endurgjalds og fólk sem vinnur sína vinnu af trúmennsku og heilindum án þess að ætlast til að fá aukasporslur eða orður fyrir. Því miður höfum við líka önnur dæmi um ofurgræðgina sem er hættumerki fyrir samheldnina í þjóðfélaginu okkar

Það var gott og gaman að lesa frásögn ungversku kvennanna tveggja sem flúðu land sitt fyrir 60 árum, komu hér á aðfangadag, var veitt hæli og fengu hlýlegar móttökur. Við deildum með þeim kjörum og þeim tókst að skapa sér og sínum gott og farsælt líf hér á landi með vinnusemi, seiglu og dugnaði.

Við félagar í DKG erum þátttakendur í Félagi kvenna í fræðslustörfum. Við erum kvennasamtök með sameiginleg göfug markmið, svipuð gildi og lífsviðhorf sem helgast af því að við höfum valið okkur að starfa við uppeldi og fræðslu, aðstoða fólk á ýmsum aldri að ná markmiðum sínum um fyllra líf! Eitt af sjö markmiðum okkar er að hjálpa öðrum konum sem búa við lakari lífsskilyrði með því að styðja þær til menntunar og betra lífs. Þar er mikið verk að vinna í fyrirsjáanlegri framtíð fyrir félagsskap eins og okkar ágæta DKG.

Það er líklega aldrei of oft kveðið að hamingja okkar er ekki fólgin í auðsöfnun og yfirráðum heldur í viðhorfinu til lífsins og samferðafólks okkar.



## Alþjóðaping Delta Kappa Gamma haldið í Nashville í Tennessee 5.–9. júlí 2016

Í sumar átti ég þess kost sem forseti landsambandsins að sækja alþjóðapingið sem haldið var í músíkborginni Nashville í Tennessee í Bandaríkjunum. Við vorum þrjár sem sátum þingið fyrir Íslands hönd; ég, Ingibjörg Jónasdóttir í Gammadeild, formaður Membership-nefndarinnar, og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir í Alfadeild, en hún situr í Nominations-nefndinni.

Ráðstefnan var haldin á afar stóru ráðstefnuhótel, Gaylord Opryland Hotel, en það hefur yfir að ráða einum 2.000 herbergjum sem skiptast á nokkrar byggingar og svo eru byggingarnar tengdar saman með fallegum göngustígum. Þar mátti einnig finna lítil stöðuvötn sem hægt var að sigla á og yfir þessu öllu var svo glerþak, þannig að hótalgestir þurftu aldrei að ferðast utandyra til að komast á milli bygginga og ráðstefnusala. Óneitanlega er hægt að segja að þetta var eins og ævintýraveröld. Því er þó ekki að neita að vegna stærðar hótelsins var mjög auðvelt að villast í þessu umhverfi og kom það fyrir að maður þyrfti að taka nokkra auka göngutúra áður en rambað var á réttu staðina ☺.



Þar sem þetta var fyrsta alþjóðaráðstefnan sem ég sækir hef ég ekki samanburð við fyrri ráðstefnur en þær sem til þekkja segja mér að skipulag hafi verið með líku sniði. Rúmlega 2.000 konur sóttu ráðstefnuna, flestar frá Bandaríkjunum. Evrópukonurnar voru ekki mjög margar og voru flest andlitin kunnugleg frá þeim Evrópuráðstefnum sem ég hef sótt síðastliðin ár. Á milli okkar Evrópukvennanna hafa myndast góð tengsl og er það eins og að hitta gamla heimilisvini að hitta þær við þessi tækifæri.



Aðalfyrirlesarar á þinginu voru fjórir. Sá fyrsti, [Kai Kight](#), talaði við setningu þingsins á þriðjudagskvöldinu. Kai, sem er verkfræðingur að mennt og starfar í dag sem klassískur fiðluleikari og tónskáld, heillaði viðstadda „upp úr skónum“ með áhrifaríkri túlkun sinni. Að lokinni setningu hófst svokallað „Tennessee Night“ sem er hluti af setningarathöfninni. Þar spilaði hljómsveit skemmtilega country-músík og endaði kvöldið á „That Old Time Rock and Roll“ þar sem allur þingheimur dillaði sér við tónlistina ☺. Mike Figliuolo talaði næsta dag (hægt er að hlusta á fyrirlesturinn hans með því að [smella hér](#)) og fjallaði erindi hans: [Leading the Thinking: Setting Direction and Driving Action for your team](#), um stjórnun og hvetur hann alla til að finna sinn persónulega stíl varðandi stjórnun. Mike heldur úti vefsíðu þar sem hann hefur tekið saman á einn stað [efni ætlað DKG](#). Á föstudeginum hélt hinn kunnir blaðamaður og rithöfundur [Judith Viorst](#) erindi. Hún hefur skrifað bækur bæði fyrir börn og



fullorðna og ein af hennar þekktari barnabókum er bókin *Alexander and the Terrible, Horrible, No Good, Very Bad Day*. Samkvæmt dagskránni átti Anna Maria Chávez að reka lestina á laugardeginum og fjalla um skáta-hreyfinguna en hún forfallaðist og í hennar stað kom Natalye Paquin, stjórnandi GSUSA Office of Strategy and Advancement, og hélt stutt erindi sem tengdist skáta-hreyfingunni. „Rúsinan í þeim pylsuenda“ var svo að börn sem eru meðlimir skáta-hreyfingarinnar á staðnum fylgdu hverjum lands-sambandsforseta þegar hann bar út þjóðfánann við þinglok.

Á miðviku- og föstudeginum var hægt að velja á milli u.þ.b.100 mismunandi fyrirlestra og vinnustofa. Valið var ekki alltaf auðvelt því um 15 fyrirlestrar voru í boði í hverri umferð (e. session). Þessir fyrirlestrar voru ýmist fluttir af fræðikonum um hin margvíslegustu efni sem tengjast menntun eða voru fyrirlestrar um starfið í samtökunum. Á þinginu voru tveir dagskrárliðir sem ekki hafa verið í boði áður, „Cyber Area“ og „Hot Topics“. Á „Cyber Area“-svæðinu voru meðlimir Communication and Publicity-nefndarinnar og héldu „örnámskeið“ í ýmsu er snertir tæknileg atriði, t.d. hvernig á að nota DKG-appið, hvernig á að blogga á Wordpress, búa sér til „member profile“ á alþjóðavefnum, o.s.frv. Á „Hot Topics“-svæðinu var komið fyrir 20 borðum þar sem kynnt voru mismunandi efni sem eru ofarlega á baugi og þau rædd í 30 mínútur. Að þeim mínútum loknum hringdi bjalla og þá áttu þátttakendur að færa sig á annað borð þar sem annað umræðuefni var í gangi og þannig koll af kalli. Hægt var að velja á milli 50 umræðuefna í þremur lotum. Hugmyndin er góð, en það var galli að borðin voru of nálægt hvert öðru þannig að skvaldrið varð mikið og þátttakendur nutu ekki umræðunnar sem skyldi.



Fimmtudagurinn var nokkuð erilsamur með mörgum uppákomum. Fundur Evrópu Forum var á sínum stað á fimmtudagsmorgninum og var vel sóttur. Ingibjörg Jónasdóttir flutti okkur orð til umhugsunar en Gitta Franke-Zöllmer frá Þýskalandi flutti okkur fyrirlesturinn: „[Education 2030 – ensure inclusive and equitable education](#)“. Ýmis mál voru til umfjöllunar á fundinum, svo sem Euforia (fréttabréf Evrópu Forum), vefur Evrópu Forum, félagaaðild innan Evrópu, o. fl. Í hádeginu á fimmtudeginum var viðburður fyrir alla þinggesti sem nefndist „*Be the Change*“ Luncheon. Þar var alþjóðlegu viðurkenningunni *International Achievement Award* úthlutað og að þessu sinni hlaut hana Cathy Daugherty, fyrsti varaforseti alþjóðasambandsins 2014–2016. Á fimmtudagskvöldinu var svo skemmtun „niðri í bæ“ sem haldin var til styrktar *Educational Foundation* sjóðnum. Skemmtunin, sem bar heitið *Call me Country*, var haldin á Wild Horse Saloon-kránni. Boðið var upp á mat og lifandi tónlist og kennslu í „River dance“. Við Ingibjörg höfðum skráð okkur á þennan viðburð og mættum ásamt fjölda annarra og skemmtum okkur bara vel þó litlum sögum fari af „dansnáminu“ ☺.

Á föstudagmorgninum var haldinn „[European Breakfast](#)“; fundur þar sem Evrópukonurnar borðuðu saman og hlýddu á skipulagða dagskrá. Evrópu-forsetinn okkar (2014–2016) Marianne Skardéus, hafði valið *From the Old to the New World* sem þema fundarins. Undir þeim lið voru flutt fjögur erindi.



Fyrsta erindið flutti Marianne Skardéus sjálf. Hún fjallaði um rithöfundinn *Vilhelm Moberg* sem er einn af þekktari rithöfundum Svía. Hann skrifaði m.a. sögur um sænska innflytjendur til Ameríku en sjónvarpsþættirnir *Invandrarna* (*The Immigrants*), gerðir eftir þeirri sögu voru sýndir hér á RÚV fyrir nokkrum árum. Hann er einnig þekktur fyrir leikverk sín, ekki hvað síst [Kristina from Duvemåla](#) sem ABBA-drengirnir Björn og Benny settu upp. Margarita Hanschmidt's frá Eistlandi sagði okkur frá barnabörnum sínum í erindi sem hún kallaði „[I would like to speak with my grandchildren in the Estonian language](#)“. Marie Antoinette Hubers frá Hollandi flutti okkur erindið [EENIGENBURG: A family history](#), erindi sem Maria H.C. (Ria) Bleeker hafði ætlað að flytja en af heilsufarsástæðum komst hún ekki á þingið. Fjórða erindið flutti svo Jan Sorrell, meðlimur í DKG í Ameríku, og sagði okkur frá forfeðrum sínum sem komu til Ameríku frá Svíþjóð og Noregi. Erindið nefndist: „[My Swedish Grandfather and My Norwegian Grandmother](#)“. Hægt er að lesa meira um þessa viðburði á [Evrópuvefnum](#).

Hátíðarkvöldverðurinn (The Banquet) var svo á sínum stað á laugardagskvöldinu með öllum þeim glæsileika sem honum fylgir og þar tók nýr alþjóðaforseti til næstu tveggja ára, Caroly Pittmann, við keflinu frá Lyn Babb Schmid, fráfarandi forseta. Þinginu var svo formlega slitið að loknum hátíðarkvöldverðinum og við Íslendingarnir héldum heim aftur á sunnudagsmorgninum.

Ég hef reynt að tæpa á því helsta sem fram fór á þessu þingi. Eflaust hef ég gleymt ýmsu og ekki er pláss til að gera allri þessari viðamiklu dagskrá ítarleg skil. Uppúr stendur þó skemmtileg samvera og endurfundir við gamla og nýja DKG-félaga auk alls þess sem safnað var í „reynslubankann“. [Myndir og myndbönd](#) frá þinginu má nálgast á vef alþjóðasambandsins. Ég hvet alla DKG-félaga til að reyna að koma því við að sækja þing samtakanna, ef ekki alþjóðþing þá allavega Evrópuþing og minni á að næsta Evrópuþing verður haldið í Tallinn í Eistlandi 24.–29. júlí næsta sumar (2017).

Eygló Björnsdóttir, landsambandsforseti.







## Sigríður Ruth Magnúsdóttir Zetadeild



### Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?

Í gegnum DKG hef ég kynnst konum sem vinna að menntamálum vítt um fjórðunginn, og einnig út fyrir hann. Með árunum hafa tengslin styrkst og ég leita frekar ráða hjá félagskonum og samræður um fagleg málefni eru dýpri og beinskeyttari. Fagleg einangrun er tilfínanleg í dreifbýlinu og sérstaklega þegar kemur að sérhæfðum störfum innan menntageirans. Að sækja fundi á hina ýmsu þéttbýlisstaði innan fjórðungs hefur einnig orðið til þess að ég hef fylgst mun betur með uppbyggingu og framboði á ýmissi starfsemi tengdri menntun og menningu. Það eykur víðsýni, ýtir undir staðarstolt og hvetur til nýbreytni í eigin starfi.

### Hvert vil ég sjá samtökin stefna?

Ég velti því fyrir mér hvort samtökin gætu beitt sér meira út á við í tengslum við menntun og framfaramál. Mér finnst starfið oft meira vera innávið og fyrir félagskonur fyrst og fremst. Í hópi félagskvenna býr mikill kraftur til athafna og hann mætti verða sýnilegri í samfélaginu með einhverjum hætti undir merkjum samtakanna.



## **Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir Lambdadeild**



### **Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?**

Ég hef verið í Lambdadeild frá stofnun haustið 2010. Þegar ég fékk boð um að ganga í DKG leit ég á það sem heiður að fá að taka þátt í þessum samtökum. Einnig var ég spennt að fá að vita meira um Delta Kappa Gamma og allt sem þar færi fram. Ég hef verið misvirk í deildinni minni en það er alltaf gott hitta Lambdasysturnar, það bæði bætir og kætir. Það er nærandi að koma á fundi og hver fundur skilur mikið eftir.

Það er af mörgu að taka þegar ég velti því fyrir mér hvað það hefur gert fyrir mig að vera í DKG en mér er sérstaklega minnisstæður fundur þar sem Sigrún Klara Hannesdóttir kom til okkar og ræddi um sitt starf innan DKG og hvatti okkur til að velja því fyrir okkur hvað samtökin gætu gert fyrir okkur, hvað við vildum fá út úr þátttöku. Ég held að með þessari nálgun verðum við virkari þátttakendur í samtökunum og hef því reynt að tileinka mér þessa hugsun í auknum mæli.

### **Hvert vil ég sjá samtökin stefna?**

Samtökin þurfa að þróast áfram í takt við tíðaranda hverju sinni. Nú eru kjaramál kennara mikið í umræðu, læsi, tungumálið okkar og margt fleira sem tengist konum í fræðslustörfum. Ein leið væri að við myndum láta að okkur kveða í þessari umræðu.

Svo þurfum við líka alltaf að hafa að leiðarljósi að hafa gaman og gleðjast saman, bæði innan deilda og svo líka á milli deilda og jafnvel lands.



## Valgerður Guðmundsdóttir Þetadeild



### Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?

Árið 1998 var stofnuð DKG-deild á Suðurnesjum sem fékk heitið Þetadeild. Ég var svo heppin að vera valin í hóp stofnfélaga og hef því verið viðloðandi þennan frábæra félagsskap í tæp tuttugu ár og það er svo skrytið að með hverju árinu sem líður nýt ég félagsskaparins betur. Þarna eru samankomnar konur á öllum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn bæði í námi og starfi en eiga það allar sameiginlegt að hafa óþrjótandi áhuga og jafnvel ástríðu fyrir menntun í sinni breiðustu merkingu. Á þessum árum sem liðið hafa hef ég kynnst fjölda frábærra kvenna sem fært hafa mér og hinum stallsystrunum mikilvægan fróðleik og um leið skemmtun. Þeim sem hafa verið í stjórninni hverju sinni hefur einhvern veginn alltaf tekist að vera með puttann á púlsinum þannig að við höfum fylgst með áhugaverðustu verkefnum í menntageiranum á hverjum tíma. Um leið höfum við haft tækifæri til að deila okkar eigin reynslu og stundum vanda með konum sem við vitum að bera bæði skynbragð á viðkomandi málaflokk en eru líka vinveittar okkur sem persónur þar sem alltaf hefur verið lögð áhersla á að systrakærleikur ríkti innan DKG. Vera mín í DKG hefur því bæði þroskað mig sem fagmanneskju og ekki síður veitt mér ánægu og gleði sem manneskju og er ég afskaplega þakklát yfir að hafa fengið tækifæri til að verða hluti af þessum frábæra félagsskap.

### Hvert vil ég sjá samtökin stefna?

Ég vona að DKG haldi áfram að þróast á sömu faglegu en um leið persónulegu nótum eins og verið hefur til þessa.



## **María Steingrímsdóttir Betadeild**



### **Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?**

Ég hef verið félagi í Betadeild síðan árið 2000 og í gegnum félagsskapinn hef ég kynnst frábærum og hæfileikaríkum konum og vinskapur, samkennd og stuðningur þeirra hefur skipt mig miklu máli. Starfið í Betadeild hefur enn fremur veitt mér tækifæri til að kynnst félagskonum úr öðrum deildum í gegnum starf og fundi á landsvísu. Það er stór hluti af því að vera í Delta Kappa Gamma að fá tækifæri til að mæta á vorþing og landssambandsfundi bæði til að fræðast og einnig til að styrkja tengsl við féлага í samtökunum. Í Betadeild hef ég sinnt stjórnunarstörfum og setið í nefndum á vegum landssamtakanna sem hefur verið lærdómsríkt og styrkt mig á margvíslegan hátt. Ég hef fengið tækifæri til að koma fagþekkingu minni á framfæri bæði innan deildar sem og á landsvísu og notið fræðslu og þekkingar annarra bæði úr deildinni minni og frá konum úr öðrum deildum samtakanna, auk þess að fá tækifæri til að fara á þing samtakanna erlendis. Á þann hátt hef ég kynnst alþjóðastarfinu betur en ella. Vegna þeirrar reynslu sem ég hef af því að mæta á þing og fundi innanlands sem erlendis hvet ég sem flestar konur í samtökunum okkar til að vera virkar og taka þátt í fundum og þingum innanlands sem erlendis, það skiptir máli!

### **Hvert vil ég sjá samtökin stefna?**

Ég vona að samtökin okkar dafni áfram og dragi að sér frábærar ungar konur með fjölbreytta reynslu. Það gætum við sem fyrir erum í samtökunum e.t.v. gert með því að vera duglegri að sýna í verki fyrir hvað samtökin standa þannig að það verði eftirsóknarvert að ganga til liðs við þau. Við þurfum að stuðla að líflegu starfi og hafa gaman í bland við fræði og fróðleik. Leggja þarf áherslu á að við erum hluti af stórum alþjóðlegum samtökum og virkja félagskonur enn frekar til þátttöku í alþjóðastarfinu og nýta betur þau tækifæri sem gefast í gegnum það starf. Hugsanlega þarf að fræða og kynna betur en gert er hvað alþjóðastarfið býður upp á fyrir féлага, s.s. námsstyrki og tækifæri til námskeiða- og fyrirlestrahalds á alþjóðavísu.



## Sigríður Guðnadóttir Epsilondeild



### Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?

Það að kynna starfsemi hjá Delta Kappa Gamma, „systur“ mínum í Epsilondeildinni sem hafa miðlað af reynslu sinni, bæði af starfi sínu í samtökunum og fræðslustörfum, hefur verið gefandi, skemmtilegt og fróðlegt. Flestar störfum við í skólum og það hefur verið gaman að fá tækifæri til að heimsækja hina ýmsu skóla vítt og breitt um Árnes- og Rangárvallasýslu, þar sem fundirnir hafa verið haldnir oft á tíðum. Erindi sem flutt hafa verið á fundunum hafa alltaf verið fróðleg og skemmtileg. Félagskonur hafa verið duglegar að segja frá menntun sem þær hafa bætt við sig og gestir hafa flutt okkur áhugaverð fræðsluerindi.

Síðasti fundur var haldinn í Þjórsárskóla og þangað fengum við Guðbjörgu Sveinsdóttur, fyrrverandi landssambandsforseta, sem fræddi okkur um sögu og markmið Delta Kappa Gamma, starfsemi samtakanna hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi, uppbyggingu deildarfundanna, reglur, siði og venjur sem gott er að rifja upp reglulega. Kynningin fórst Guðbjörgu mjög vel úr hendi. Samvera og tengslin við félagskonur í DKG eru ómetanleg og starfið nærandi.

### Hvert vil ég sjá samtökin stefna?

Ég er mjög ánægð með samtökin eins og þau eru en ég held að það þurfi að halda áfram að efla þau með því að fjölga félagskonum og gera samtökin sýnilegri og styðja við konur.

Það er búið að leggja drög að því að stofna nýja deild á Norðurlandi vestra í byrjun næsta árs, sem er mjög ánægjulegt. Við í Epsilondeildinni stefnum að því að fjölga félagskonum á næsta ári. Mér persónulega þætti gaman að sjá konur úr öðrum fræðslustörfum en leik-, grunn-, og háskóla koma inn í samtökin. Fjölbreytileikinn er skemmtilegur og þroskandi.

Hvað mig varðar langar mig að efla sjálfa mig með því að sækja þing og fundi hér heima, og á alþjóðlegum vettvangi, ef tækifæri gefst.

## Steinunn Ármannsdóttir Alfadeild



### **Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?**

Ég gerðist meðlimur DKG-samtakanna 1992 og hef starfað síðan með nokkrum hléum vegna búsetu erlendis. Á þessu tímabili hef ég setið í stjórn samtakanna samtals í tíu ár þar af formaður síðastliðin tvo ár. Jafnframt hef ég setið í stjórn landssambandsins í fjögur ár. Eins og gefur að skilja hefur þessi reynsla gefið mér góða innsýn í hvað samtökin standa fyrir og dýpkað skilning minn á eðli þeirra. Það er ótvíræð skoðun mín að þau hafi verið mér faglegur stuðningur í starfi mínu sem skólustjóri og vinnu við menntamál. Er þar fyrst að nefna þann ótrúlega mannauð sem saman er kominn í samtökunum og alltaf er hægt að leita til. Sama máli gegnir með samkomur, hvort sem um er að ræða deildarfundi eða fundi á vegum landssambandsins, þeir eru alltaf fróðlegir og upplýsandi um það sem er efst á baugi í menntamálum þjóðarinnar. Fyrirlesarar eru nær undantekningalaust meðal fremstu fræðimanna á sínu sviði og miðla visku sinni og reynslu til DKG-félaga.

Þar sem um er að ræða alþjóðleg samtök hefur það víkkað mjög sjóndeildarhring meðlima að leita í smiðju til þeirra hvað varðar fyrirlesara, styrki, ráðstefnur og ýmis önnur tilboð til að auka víðsýni og skilning á menntamálum. Flest af þessu hef ég reynt og hefur komið að góðum notum í mínu starfi.

Ekki má gleyma að minnst á vináttu félagskvenna sem er ómetanleg

### **Hvert vil ég sjá samtökin stefna?**

Framtíð samtakanna er í höndum núverandi félaga. Það er sannfæring mín að samtökin muni lifa ef markmið þeirra verða í hávegum höfð þ.e. að styrkja og styðja meðlimi sína faglega með ráðum og dáð. Þá sjá konur tilganginn með aðild sinni að samtökunum. Mesta hættan er fólgin í því að líta á deildina sína sem lokaðan klúbb, einhvers konar saumaklúbb, sem hittist og skeggræðir mataruppskriftir og nýútkomnar bækur. Sumar deildir hafa fallið í þann pytt að vilja helst ekki fá nýja félaga, þar sem þá eyðileggist vinkonustemningin. Slík hugsun ber í sér glötun. Það skiptir öllu máli að laða til samstarfs áhugasamar konur og veita þeim tækifæri til að auka möguleika sína til frama á sviði menntunar. Hér á ég m.a. við þau tækifæri sem felast í því að vera hluti af alþjóðasamtökum þar sem tilboð um fjölbreytt námskeið og styrki eru í boði.

Að lokum vil ég hvetja félagskonur til að vera virkar í starfi samtakanna og halda merki þeirra á lofti þegar tækifæri gefst.





## Auður Torfadóttir Etadeild



### Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?

Fyrst vil ég nefna ánægjulegt samstarf og samveru með konunum í Etadeild. Við deilum reynslu okkar og þekkingu og höfum það skemmtilegt saman. Á deildarfundum hef ég fræðst um hin margvíslegustu málefni og alltaf farið fróðari heim. Það sama má segja um landssambandsþing og vorþing. Með setu í stjórn deildarinnar og sem formaður um skeið öðlaðist ég nýja reynslu og það sama má segja um hlutverk mitt sem lögsögu- maður landssambandsins þar sem ég stakk mér beint í djúpu laugina! Þegar ég komst klakklaust úr því sundi, gaf ég kost á mér í laganefnd alþjóðasambandsins og sat í henni í tvö ár. Það var stór pakki. Í starfinu þar opnuðust nýjar víddir og ég kynntist betur hinu stóra samhengi samtakanna. Allt hefur þetta verið lærdómsríkt og skemmtilegt um leið. Ég hvet allar DKG konur til að gefa kost á sér í embætti innan deilda, landssambands eða alþjóðasambands.

### Hvert vil ég sjá samtökin stefna?

Þegar horft er á stóru myndina er það veikleiki alþjóðasamtaka DKG hvað landssamböndin utan BNA eru fá og smá (landssambandið okkar þó hlutfallslega stórt). Þetta dregur úr áhrifamætti þeirra. Það þyrfti að gera gangskör að því að fjölga þátttökulöndum og deildum í Evrópu. Það gefur þátttökunni í DKG gildi að hluti félagsgjaldanna fer í að styrkja konur í þróunarlöndunum til háskólanáms og allt gott um það að segja. Ef horft er til starfsins hér innanlands á ég mér þá ósk að við verðum sýnilegri. Ég hef oft orðað það innan samtakanna að deildirnar sameinuðust um að styrkja eitthvert verðugt verkefni. Fleiri hafa lýst yfir sömu skoðun. Hver deild hefur takmarkað bolmagn en saman gætu deildirnar látið meira að sér kveða. Kannski er þetta verkefni sem vert væri að skoða í framkvæmda- ráði þar sem m.a. allir deildarformenn eiga sæti.

## Jónína Eiríksdóttir Deltadeild



### Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?

Þegar Deltadeildin var stofnuð á Vesturlandi árið 1987 varð ég mjög upp með mér yfir því að fá boð um að gerast stofnfélagi. Ég guggnaði hins vegar á því að ganga alla leið. Mér fannst að þar væri ég að bera í bakkafullan lækinn. Heimilið mitt þar einkenni fjölskyldu sem átti mjög annríkt. Börnin meira og minna sjálfala að mínu mati og foreldrnir á kafi í vinnu og félagsmálum. Ekki vantaði annað en að bæta enn einu verkefninu við, nei takk var lokasvarið í það skiptið. Tíminn leið og öldurnar lægðu, ég náði að hugsa málið í rólegheitunum. Ég fékk spurnir af fundum félagsins og viðfangsefnum, sem létu vel í eyrum. Kannski var þetta ekki svo vitlaus hugmynd eftir allt saman.

Tækifærið kom aftur og ég var vígð til Deltadeildarinnar árið 1990. Mér fannst notalegt að finna þennan fasta ramma, það var eins og hann hreinsaði andrúmsloftið. Ég hef alltaf notið þess að fræðast um og ferðast til nýrra áfangastaða í héraðinu og utan þess til annarra deilda. Það er í raun merkilegt, hvað markmið samtakanna tvinnast víða við samfélagið okkar. Félagar mínir voru opnir fyrir áhugaverðum uppátækjum, sem við fengum kynningu á, spyrja spurninga og gefa jákvæðar einkunnir. Andrúmsloftið var gefandi, fræðandi og hlýtt. Oft hef ég verið komin neðarlega í andlegum og líkamlegum birgðum þegar kom að fundi í deildinni minni og sú hugsun leitað á, að láta hann bara róa, kaupa sér smávegis frið. Sem betur fer hef ég haldið fast í þá hefð að sækja fundina fram fyrir margt annað og hef aldrei séð eftir því. Heim komin, oft eftir nokkuð ströng ferðalög, hefur orkubúskapurinn tekið vaxtakipp og fullnægja leikið um líkama og sál. Stærri samkomur í nafni samtakanna hafa aukið á gróðann, Vorþing, Landssambandsþing og Evrópuþing, þar sem sjóndeildarhringurinn hefur ævinlega víkkað til muna. Bæði vegna mikilsverðrar fræðslu og nærandi samveru. Á Evrópuþinginu, sem haldið var hér á Íslandi uppúr aldamótum síðustu, lögðust ýmsar þrautir fyrir mig í formannsembættinu og mér leist ekki meira en svo á blikuna. En viti menn, að sigra þrautir í góðra vina hópi færir eftirsóttu sigurtílfínningu. Það reyndist gott að tilheyra svo gefandi hópi í alþjóðlegu samhengi. Um kvöldið sat ég til borðs með konum viðs vegar að úr heiminum. Mér er sérstaklega minnisstæð kona sem lagt hafði leið sína á þingið alla leið frá San Diego í Kaliforníu. Það vildi svo skemmtilega til að afi minn heitinn hafði átt heima á hennar slóðum mestan sinn aldur, svo mér var ljóst að þetta var ærið ferðalag. Ég átti ekki til orð yfir þetta framtak konunnar. Henni fannst það varla umtalsvert og alveg sjálfsagt. Allir mínir erfiðleikar við að sækja samkomur samtakanna hlutu að blikna og samveran við þessa glæsilegu konu hefur lifað með mér síðan.



### Hvert vil ég að samtökin stefni?

Eins og hugleiðingar mínar hér fyrir ofan gefa til kynna myndi ég síst vilja missa þá góðu og styrkjandi vináttu sem umvefur alla í samtökunum mínum. Einnig finna þar áfram margs konar fróðleik og endurmenntun. Mín helsta ósk um framtíð þeirra lýtur að því að efla innviðina svo að ræktun vináttu, hjálpsemi og trúmennsku megi áfram blómstra og gefa félögum andagift og innblástur. Þá verður mér líka hugsað til ungra kvenna, sem standa í sömu sporum og ég forðum, að sjá ekki almennilega út úr verkefnum starfsins eða fjölskyldunnar. Að samtökin okkar megni að smita út frá sér til þessa hóps, sem sannanlega þarf að styðja í dag. Við getum lagt okkar af mörkum til að styðja komandi kynslóðir, þær sem ætlað er að taka við keflinu af okkur, sem förum senn að lýjast. Samtökin þurfa að huga vel að endurnýjun í deildunum og opna á samruna kynslóðanna.

Að lokum á ég mér draum um að samtökin okkar Delta Kappa Gamma, sem helga sig uppeldi og menntun, hafi sig meira í frammi við að varpa ljósi á þau málefni, sem reynsla og þekking segja okkur að betur megi fara og snúa að skjólstæðingum okkar, börnum og ungmennum. Með þakklæti í huga óska ég okkar merku samtökum allra heilla um ókomin ár.





## **Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir Mýdeild**



### **Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?**

Síðan ég byrjaði í samtökunum árið 2011 hefur þátttakan gefið mér gríðarlega mikið. Ég hef kynnst góðum konum bæði í minni deild sem og í öðrum deildum. Ég hef fengið tækifæri til að rækta stjórnunarhæfileikana mína árin tvö sem ég var formaður deildarinnar. Jafnframt hef ég lært fjölmargt í gegnum fræðandi og nærandi fundi í gegnum árin fimm. Deildin mín er samansett af ótrúlega færum, margbreytilegum og skemmtilegum konum sem allar hafa margt til að miðla. Deildin hefur lagt metnað í að gefa konunum tækifæri til að miðla sinni þekkingu, en jafnframt hefur verið lögð áhersla á að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra frá einstaklingum sem geta bætt við þá þekkingu sem til er innan deildar á málefnum sem unnið er með hverju sinni.

Hvað varðar erlenda hluta samtakanna er ég alltaf að læra eitthvað nýtt um samtökin. Hef eytt svolitlum tíma í það núna á haustmánuðum að kynna mér betur hvað samtökin hafa upp á að bjóða fyrir mig og konur í menntastörfum almennt og kemur það mér ánægjulega á óvart hversu mikið og hvetjandi starf er verið að vinna í þágu menntamála og kvenna almennt á vegum samtakanna víða í veröldinni.

Samtökin opna meðal annars glugga fyrir samstarf við konur um víða veröld í gegnum þátttöku í alþjóðlegum nefndum og er það eitthvað sem ég stefni á á komandi árum.

### **Hvert vil ég sjá samtökin stefna?**

Ég vil sjá samtökin eflast og dafna. Ég held að með því að taka virkari þátt í starfinu innan samtakanna og þá líka í alþjóðlega samhenginu opnast augu manns fyrir því hvað þau hafa í raun fram að færa. Einnig held ég að heimasíðan og aukin virkni inni á síðunni opni fjölmarga glugga fyrir okkur sem erum í samtökunum.

Ég vil sjá samtökin taka virkari þátt í málefnum sem varða menntamál hér á landi og ég tel að með því að halda til dæmis fræðslufundi eins og Mý- og Betadeild höfðu samstarf um að halda hér á Akureyri í haust með áherslu á nýja kennarann í starfi séum við á réttri leið. Jafnframt finnst mér samtökin þurfi að verða sýnilegri, ekki síst í ljósi þess að sameiginlega höfum við svo ótrúlega margt fram að færa í menntamálum í samfélaginu. Það eru ekki margir í kringum mig sem kannast við samtökin og fyrir hvað þau standa þegar ég á í samræðum við fólk og nöfn samtakanna koma upp og því þarf að breyta.



## Bryndís Friðgeirsdóttir lotadeild



### Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?

Ég hef verið í lotadeild frá því að deildin var stofnuð. Skipulagið er í föstum skorðum og er það mikilvægt, þar sem félagskonur eru margar og koma úr ólíkum áttu. Þó að við séum ólíkar er fleira sem sameinar okkur en skilur okkur að. Það að hafa áhuga á að leggja sitt af mörghum varðandi fræðslumál heima í héraði, í landinu og á heimsvísu er afar eftirsóknarvert. Í okkar deild hafa konur fengið styrk til að fara í framhaldsnám og er mikilvægt að við getum greitt götuna hver fyrir aðra, enda er hjálpssemi eitt af markmiðum félagsins. Fyrir mig skiptir miklu máli að hitta konur sem hafa sameiginleg áhugamál og skiptast á skoðunum um fræðslu og menntun. Í okkar deild ríkir góður andi og konur eru reiðubúnar að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Við reynum t.d. alltaf að fá konur sem hafa lokið framhaldsnámi til að kynna rannsóknir sem þær hafa unnið í tengslum við nám sitt.

### Hvert vil ég sjá samtökin stefna?

Það er mikilvægt að félagið okkar haldi áfram að miðla þekkingu og reynslu um allan heim og greiði götu okkar félagskvenna. Við getum gert heilmikið fyrir konur í þeim löndum þar sem þær standa höllum fæti og eiga litla möguleika á að ná sér í menntun til jafns við karla. Samtakamátturinn og vilji til hjálpssemi skiptir þar öllu máli. Við erum sterkar og margar og höfum þann styrk sem þarf ef við leggjumst allar á eitt.

## **Soffía Sveinsdóttir Gammadeild**



### **Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?**

Ég hef verið meðlimur Gamma deildar síðan vorið 2014 eða í tvö og hálf ár. Þegar mér bauðst að gerast meðlimur hafði ég aldrei heyrt um DKG áður. Var fyrst hikandi en ákvað að slá til og sé ekki eftir því. Sjóndeildarhringurinn hefur víkkað við að taka þátt í starfi Gamma deildar. Fundirnir eru bæði fjölbreyttir og fróðlegir en ekki er síður ánægjulegt að kynnast öllum þessum frábæru konum í deildinni minni, sem allar starfa eða hafa starfað við fræðslu á einn eða annan hátt. Það hefur verið mjög þroskandi.

### **Hvert vil ég sjá samtökin stefna?**

Þar sem ég er frekar nýr meðlimur þá er ég lítið komin inn í starfsemi DKG samtakanna sjálfra, það hefur verið nóg fyrir mig að kynnast konum í minni deild. Ég myndi kannski vilja að samtökin væru sýnilegri í samfélaginu. Ég til dæmis hef starfað í menntageiranum í þrettán ár en hafði aldrei heyrt um þessi samtök fyrr en mér var boðið að gerast meðlimur.



## Linda Hrönn Helgadóttir Kappadeild



### Hvað hefur það gert fyrir mig að vera í DKG?

Fyrst og fremst hefur DKG gefið mér tækifæri til að kynnst frábærum konum. Allar hafa þær skarað fram úr á einhverju sviði fræðslumála, skapað sér vettvang til að hafa áhrif og láta gott af sér leiða. Hver um sig hefur sögu og margþætta reynslu sem er gefandi að fá að kynnst. Þær eru hvetjandi og jákvæðar fyrirmyndir og hafa dýpkað mínar hugmyndir og þekkingu á því hvað fræðslustörf eru breiður og fjölbreyttur vettvangur og hversu mikinn mannauð þar er að finna. Fundirnir hafa þar að auki veitt mér tækifæri til að hlýða á framsækna einstaklinga deila reynslu sinni, heimsækja skóla, fyrirtæki og stofnanir og þannig gefið innsýn í reynslu, starfsemi og skipulag á ótal stöðum. Það hefur víkkað sjóndeildarhringinn bæði faglega og persónulega auk þess sem fundirnir skilja alltaf eftir sig hlýju í sálinni, gleði og stolt yfir að tilheyra þessum gefandi og jákvæða hópi.

### Hvert vil ég sjá samtökin stefna?

Mér finnst samtökin hafa skýra stefnu. Við mættum e.t.v. láta meira að okkur kveða út á við t.d. með því að styrkja ákveðin málefni. En fyrst og fremst vil ég áfram sjá samtökin efla og fræða sínar félagskonur á sem víðustum grunni. Það hefur að mínu mati mikil margfeldisáhrif því allar nýtum við innlegg fundanna hver í sínum ranni og höfum þannig jákvæð áhrif út í samfélagið.



## Fréttamolar frá deildum

### Alfa



Alfadeildin hóf starfsemi sína veturinn 2016-17 með því að heimsækja Safnahúsið við Hverfisgötu og skoða sýninguna Sjónarhorn, en það var Þjóðminjavörður Margrét Hallgrímsdóttir sem leiddi okkur um sýninguna og sagði frá því hvernig aðkoma sex stofnana hefði lagt grundvöllinn að nýstárlegri sýn á menningararfinn. Hún lýsti því hvernig sýningarstjórinn lagði til ólík sjónarhorn, þannig að stofnanirnar sýndu saman á grundvelli ákveðins þema, en ekki sitt í hvoru lagi. Safnahúsið er nú hluti af Þjóðminjasafninu eftir sameiningu 2013. Sjónarhorn er grunnsýning sem Þjóðminjasafnið vann í samstarfi við systurstofnanir sem eiga allar rætur í húsinu. Það eru stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands.



Á öðrum fundi vetrarins var haldið í heimsókn til Háskólans í Reykjavík. Rektor HR, Ari Kristinn Jónsson, tók á móti hópnum í anddyri skólans og leiddi hópinn um húsakynni og sagði frá sögu og þróun skólans, námsbrautum og skólastarfinu. Litið var inn í rannsóknarstofu verkfræðideildar sem er ólík hefðbundinni háskólakennslustofu og þar var fjöldi nemenda við vinnu þótt hefðbundnum kennsludegi væri lokið. Gangan endaði í dómssal lagadeildar skólans og þar hélt fundurinn áfram. Málfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Frumgreinadeildar, sagði frá starfi deildarinnar og svaraði spurningum. Frumgreinadeildin var í upphafi stofnuð í Tækniskólanum til að auðvelda iðnmenntuðu fólki að bæta við sig námi til að geta hafið háskólanám. Nú er fjölbreyttari hópur við nám á fjórum námsbrautum til undirbúnings námi í HR. Nemendur eiga það sameiginlegt að hafa ekki lokið stúdentsprófi. Kynning Málfríðar var mjög áhugaverð og fræðandi og voru fundarkonur ánægðar með fundinn.

Alfadeildin, fyrsta deild  
DKG samtakanna á  
Íslandi,  
var stofnuð 7. nóvember  
1975  
í Reykjavík.

Skipulag funda liggur fyrir fram í mars. Stjórnin hefur sett fram það markmið að leggja áherslu á menningu og fullorðinsfræðslu og segja má að fyrstu fundirnir endurspegli vel þá áherslu. Síðasti fundur ársins verður haldinn 1. desember og er það jólafundur Alfadeildarinnar. Þar verða dagskrárliðir hefðbundnir, fjallað verður um starfið í DKG, upplestur úr jólabók og loks gæða fundarkonur sér á góðri hátíðarmáltíð.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir formaður.



## Beta



Starf Betadeildar hófst að venju með haustferð í september. Að þessu sinni var haldið í Svarfaðardalinn þar sem við sóttum Önnu Dóru Hermannsdóttur á Klængshóli heim. Hún bauð okkur í Jóga á hlöðuloftinu sínu þar sem dásamlegt útsýni fram Skíðadalinn nærði ekki síður en jógaæfingarnar. Þá var haldið að Völlum, utar í sveitinni, þar sem hjónin Bjarni Óskarsson og Hrafnhildur Ingimarsdóttir tóku á móti okkur og buðu til sinnar hlöðu. Þar héldum við okkar fyrsta fund og gæddum okkur á ljúffengum veitingum úr garði og eldhúsi þeirra Vallahjóna. Á þessum fyrsta fundi lagði ný stjórn fram þema næstu tveggja starfsára. Lagt verður út af þemanu „Innri auður“ og horft til þess að efla innri auð félagskvenna og að kynnst þeim innra auði, styrk og þekkingu sem er að finna í deildinni okkar.



Á alþjóðadegi kennara, 5. október, var haldið [samræðubing](#) á Akureyri sem var samstarfsverkefni Beta- og Mýdeildar. Yfirskrift samræðubingsins var **Nýi kennarinn í starfi** og er skemmst frá því að segja að þingið, sem var öllum opið, sóttu um 70 manns og var almenn ánægja með þessa framkvæmd og framtak. Ekki er hefð fyrir því á Akureyri að minnast eða fagna alþjóðadegi kennara og vildu DKG konur leggja sitt af mörkum til þess að vekja athygli á deginum og efla umræðu um kennarastarfið.

Á októberfundinum sagði Betasystirin Jónína Hauksdóttir, leikskólastjóri á Naustatjörn, frá ferð sem hún fór til Mexíkó á liðnu ári ásamt sendinefnd sem í voru fulltrúar mennta- og heilbrigðisstofnana á Akureyri. Markmið ferðarinnar var að kynna sér og koma á tengslum við svokallaða CENDI-skóla sem þar eru reknir.

Á nóvemberfundinum fengum við heimsókn frá Kristínu Viðarsdóttur sálfræðingi, sem hefur kynnt sér og menntað sig í hugmyndafræði núvitundar og innleitt hana í starf sitt í þeim skólum er hún hefur starfað í á grunn- og framhaldsskólastigi. Kristín sagði okkur frá starfi sínu og jákvæðum áhrifum sem iðkun núvitundar hefur á nemendur og hún tók einnig nokkrar núvitundaræfingar með Betakonum.

Betadeild var stofnuð  
þann 2. júní 1977.  
Í henni eru konur frá  
Akureyri og nágrenni.

Að venju munu Beta- og Mýdeildir sameinast um jólafund í byrjun desember og eftir áramót tekur svo við hefðbundið starf með bóka fundi, leshring og fundum sem taka mið af þema starfsársins. Betadeildin fagnar 40 ára afmæli í júní og gerum við ráð fyrir að gera okkur dagamun í tilefni af því. Við stefnum að því að fjölga í deildinni okkar í vetur og lítum því bjartsýnar fram á veginn og væntum þess að þetta verði gott, gefandi og eftirminnilegt starfsár.

Að lokum má svo geta þess að vorþing DKG verður haldið á Akureyri í vor og er undirbúningur þess í farvegi. Við hlökkum til þess að taka á móti góðum gestum og vonumst til þess að sem flestar DKG-systur sjái sér fært að sækja okkur heim.

Fríða Pétursdóttir, ritari Betadeildar.

### Gamma



Þegar haustið svífur að með fögrum náttúrulitum ríkir ávallt eftirvænting í loftinu við fyrsta fund Gammadeildar, sem að þessu sinni var haldinn að Hulduhólum í Mosfellsbæ hjá listakonunni Steinunni Marteinsdóttur. Að lokinni heimsókninni var haldið í Álafoskvosina og þar snæddur kvöldverður og dagskrá vetrarins lögð fram og samþykkt. Stjórnin hafði lagt til að unnið yrði áfram með þema vorþingsins og er yfirskrift vetrarins:

***Hvað vitum við um móttöku fólks af erlendu bergi og hvernig viljum við að staðið sé að þessum málaflokki?***

Í samþykktri dagskrá eru tilgreindar dagsetningar allra funda og staðsetningar, en það eru níu fundir auk landssambandsþingsins.



Októberfundurinn var haldinn í Landakotsskóla, en skólastjórinn, hún Ingbjörg Jóhannsdóttir, er einmitt félagskona í Gammadeild. Sérstakir gestir fundarins voru konur í Lambda-deildinni, sem var einstaklega skemmtilegt. Sú deild er ung að árum, einungis sex ára, en Gammadeildin nálgast fertugt. Í skólanum fengum við góða kynningu á alþjóðadeild skólans og hvernig skólinn almennt tekur á móti nemendum af erlendu bergi (sjá nánar fundargerð á heimasíðu).

Nóvemberfundurinn var svo haldinn heima hjá Eddu Pétursdóttur, félagskonu í Gammadeild, og fór vel um rúmlega 30 konur, en mæting á fundina okkar er alltaf svo góð. Gestur fundarins var Þórunn Ólafsdóttir, formaður Akkeris og sjálfbóðaliði, og hélt hún mjög áhugavert erindi um starf sitt á eyjunni Lesbos. Frásögn hennar hreyfði verulega við okkur (sjá nánar fundargerð á heimasíðu). Eygló Björnsdóttir, forseti landssambandsins, var einnig gestur fundarins. Hún ávarpaði fundinn og upplýsti okkur um margt er viðkemur félagsstarfinu.

Gammadeild var stofnuð  
þann 5. júní 1977.  
Í henni eru konur frá  
Reykjavík og nágrenni.





Jólafundurinn er á næsta leiti og er alltaf mikill hátíðarfundur. Við höldum hann ávallt í heimahúsi félagskonu og að þessu sinni er hann heima hjá Gerði G. Óskarsdóttur. Við fáum í heimsókn rithöfund eða listamann og að þessu sinni er gesturinn Bjartmar Guðlaugsson og mun hann kynna nýju bókina sína og gleðja okkur á ýmsan máta. Félagskonur koma með meðlæti á fundinn, sýnishorn af jólasmákökunum og er venjan sú að borð svigna undan veitingum. Þá eru sungnir jólasálmar og glaðar og kátar höldum við ávallt af þessum fundi, sem og öðrum fundum deildarinnar.

Við höldum svo áfram með þema vetrarins á vorönninni, trúar einkunnarorðum samtakanna, *vináttu, hjálpsemi og trúmennsku*.

Það er kraftur og tilhlökkun sem einkennir starfið í Gammadeild.

Deildin heldur upp á 40 ára afmæli sitt í vor, en árið 2017 er í raun merkisár í sögu samtakanna. Landssambandið verður 40 ára 28. mars, en það var stofnað af dr. Inez Jeffrey, sem þá var útbreiðslustjóri samtakanna að viðstöddum 50 konum frá Bandaríkjunum og Kanada. Þá voru deildirnar orðnar þrjár en nú eru þær 12 og eiga margar tugafmæli á næsta ári.



Til fróðleiks má benda yngri félagskonum á heimildarrit DKG á Íslandi sem gefið var út á 20 ára afmæli landssambandsins og er til í öllum deildum.

Þá var á 30 ára afmælinu árið 2007 gefin út bókinn ÞEKING - ÞJÁLFUN - ÞROSKI sem hefur að geyma greinar um uppeldis- og fræðslumál eftir félagskonur í Delta Kappa Gamma á Íslandi.

Með félagskveðju, Ingibjörg Einarsdóttir formaður.





### Delta



Deltadeildin heldur fimm fundi á ári. Tveir fyrir áramót og þrjár eftir áramót. Fyrsti fundur á vegum nýrrar stjórnar var 13. október í Garðakaffi, á Byggðasafnssvæðinu á Akranesi. Tíu félagskonur mættu og tveir gestir sem hafa áhuga á félagsskapnum. Við í Delta höfum ákveðið að: **Vera virkar, styrkja starfið** og skrattast saman því **lífið er leikur!**

Auk venjubundinnar dagskrár var nýr dagskrárliður sem heitir „Lagið mitt“. Fyrirverandi formaður reið á vaðið og valdi upphaldslagið sitt, sem við sungum allar. Orð til umhugsunar var í höndum gjaldkerans okkar, sem lagði út frá blaðgrein sem bar fyrirsögnina „Svartir eiga að leika við svarta“ og fjallaði um samskipti ungra barna í grunnskóla og varð henni hugsað til hvort við værum svona skammt á veg komin og enn að skipta mannkyninu upp eftir hörundslit. Út frá þessu ræddi hún viðhorf til flóttamanna, hvernig við tókum á móti þeim og kröfur til þeirra um að aðlagast samfélaginu. Setti hún það í samhengi við hvernig Íslendingar höguðu lífi sínu og hópuðust saman þegar þeir fluttu vestur um haf hér fyrir á öldum og okkur finnst ekkert að. Lauk hún máli sínu á að fara með vísuna Flóttamaðurinn eftir Einar Sigfússon. Við lékum okkur og skröttuðumst saman undir borðhaldi og spiluðum spil sem innihélt spurningar og óvænt svör sem passa ekki alltaf saman og komu því svörin oftast miklum hlátri af stað.

Fyrirlesari kvöldsins var Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, yfirþroskaþjálfari í frístundamiðstöðinni Þorpinu á Akranesi. Í fyrirlestri sínum sagði Ruth frá starfi Þorpsins og hugmyndafræðinni á bak við það. Í Þorpinu fer fram barna- og unglíngastarf, það er vettvangur frítíma og forvarna þar sem margbreytileiki mannlífsins ræður ríkjum en meginmarkmiðið er að viðhafa „inclusiva“ starfsemi. Ruth sagði frá verkefninu *Gaman saman*, sem var upphaflega frístundastarf fyrir fötluð börn í 5.-7. bekk en þróaðist yfir í það að vera frístund fyrir öll börn á þessum aldri þar sem markmiðið er að rjúfa einangrun og auka þátttöku allra barna í samfélaginu og efla tólmstudenntun þeirra. Starfsáætlun var lögð fram, formaður kom með upplýsingar frá formannafundi og skipaði nefnd um inntöku nýrra félaga, umræður og síðan fundi slitið.

Deltadeild var stofnuð  
5. júní 1987.  
Í henni eru konur á  
Vesturlandi og suður til  
Reykjavíkur.



Annar fundur í Deltadeild var haldinn í Reykholti 24. nóvember. Þar áttum við félagskonur dýrðarstund í Snorrastofu. Kveikt var á kertum, nafnakall og fundagerð síðasta fundar lesin. Jónína Eiríksdóttir, verkefnastjóri í Snorrastofu, gerði svo Snorra Sturlusyni góð skil í Orði til umhugsunar. Hún las einnig úr bókinni um Hjalta litla. Hluta úr skemmtilegum kafla þar sem jólin eru að nálgast hjá Hjalta litla og margt spennandi að gerast. Formaður rifjaði upp merkingu lita og tákna Delta, Kappa, Gamma.

Eftir dýrindis máltíð og bingó var haldið í Skálholtskirkju og hlustað á fróðleik hjá Dagnýju Emilsdóttur, móttökustjóra Gestastofu. Hún sagði m.a. frá hljóðfærunum í kirkjunni og steindu gluggunum. Árið 1992 var efnt til samkeppni um gerð glugga úr steindu gleri í Reykholtskirkju og urðu tillögur Valgerðar Bergsdóttur myndlistarmanns fyrir valinu, en þær sækja efnivið í Jóhannesarguðspjall og sólarljóð. Í lokin kom formaður með „Lagið mitt“, sem var að þessu sinni jólalag og var sungið í kirkjunni við undirleik Deltakonu. Hátíðlegur endir á hátíðlegum fundi. Gleðileg jól.

Guðlaug Sverrisdóttir, formaður Delta.



### Kappa



Fyrsti fundur nýs starfsárs var haldinn í sept. 2016 á heimili Huldu Ö. Arnljótsdóttur. Ingibjörg varaformaður flutti orð til umhugsunar og sagði frá þeim tímamótum sem hún stóð á þar sem hún var að fara á eftirlaun, flytja í nýtt húsnæði o.fl. Henni leiðist þó ekki enda áhugamálin fjölmörg. Formaður kynnti starfsáætlun vetrarins, en þema er það sama og í fyrra, Verum virkar – styrkjum starfið. Áhersla hefur verið á að virkja Kappasystur í starfinu, m.a. með því að skipta deildinni upp í hópa sem undirbúa fundina. Hefur það gefist afar vel, Kappasystur tengst betur og fundirnir verið mjög áhugaverðir og gefandi. Gunnlaug, fráfarandi formaður, leiddi hópinn í að horfa til framtíðar út frá þessu þema og kom í ljós að hópurnir var sammála um að hann vildi vera þar sem jákvæð hugsun, stuðningur og gleði ríkir en einnig þar sem tekist er á við ögranir. Hópurinn vill halda áfram að hlýða á nærandi erindi, nema og fræðast og njóta félagsskapar hverrar annarrar.



Næsti fundur var haldinn í október hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Iðunn Antonsdóttir, forstöðumaður Námsflokka og Lambdasystir, tók á móti hópnum ásamt Jódísi Káradóttur, sem líka er Lambdasystir, og sögðu þær frá starfi Námsflokka sem styðjast við félagslega menntastefnu. Meginmarkmiðið með starfinu er að koma þeim sem til þeirra leita og hafa einhverra hluta vegna horfið frá hefðbundnu námi, aftur í hefðbundið bók- eða starfsnám eða út í atvinnulífið. Þær sögðu frá helstu námsleiðum Námsflokka sem eru grunnnám, Karlasmiðja, Kvennasmiðja, Námsbrú, Námskraftur og Starfskraftur. Að lokum sýndu þær Iðunn og Jódís húsnæði Námsflokka, en þar kom greinilega fram áhersla á að skapa notalegt og hvetjandi umhverfi til náms og starfs. Kappasystur hrifust mjög af því fjölbreytta á áhugaverða starfi sem Námsflokkarnir inna af hendi og sannfærðumst um mikilvægi þess að til sé vettvangur sem sinnir þessum hópi sem horfið hefur frá námi.



Jólafundur Kappadeildar var haldinn á heimili Áslaugar Ármannsdóttur á Seltjarnarnesinu 29. nóvember. Hún var búin að gera húsið sitt sérstaklega jólalegt í tilefni fundarins og Kappasystur komust þegar í jólaskap. Áslaug var sjálf með Orð til umhugsunar og rifjaði upp gamla jólaminningu frá því hún var lítil. Boðið var upp á hefðbundinn jólamat og að vanda fengum við góða gesti til okkar.





Hallgrímur Helgason rithöfundur las með tilþrifum úr ljóðabókinni sinni um hundinn Lukku og sambýliskona hans og fyrirverandi nemandi Áslaugar, Þorgerður Agla Magnúsdóttir, sem rekur bókaútgáfuna Angústúru, kynnti fyrstu og nýjustu bækur útgáfunnar, matreiðslubókina Ómótstæðileg Ella, barnabók og tvær litabækur. Kappasystur skiptust á jólagjöfum í sönnum jólaanda og fóru endurnærðar á sál og líkama út í desembernóttina.

Guðrún Edda Bentsdóttir formaður.



Kappadeild var stofnuð

28. mars 2007.

Í henni eru konur af höfuðborgarsvæðinu, flestar úr Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ.





## Epsilon



Fyrsti fundurinn var haldinn 8. október síðastliðinn. Haustlitafundur og stjórnarskipti. Epsilonsystur hittust að Laugarvatni fyrir framan Héraðsskólann. Við gengum þaðan niður að vatni þar sem við hittum Erlu Þorsteinsdóttur, sem tók á móti okkur með skóflu í hönd. Hún gróf upp pott með seyddu rúgbrauði sem hún hafði grafið niður í heitan sandinn sólahring áður. Í húsakynnum rétt þar hjá gæddum við okkur á hverabrauði með smjöri, sem smakkaðist einkar vel. Við gengum þaðan upp að stytta Jónasar Jónssonar frá Hriflu í hlíðum Laugarvatnsfjalls. Jónas „horfir“ í átt að Héraðsskólanum sem var byggður fyrir hans tilstilli 1928 og teiknaður af Guðjóni Samúelssyni. Við systur sungum þarna nokkur lög honum til heiðurs. Við skoðuðum Héraðsskólann með leiðsögn Erlu. Af því loknu snæddum við hádegisverð í skólanum og héldum óformlegan fund. Erna Ingvarsdóttir lét af embætti formanns og bað nýjan formann, Ingibjörgu Þorgerði Þorleifsdóttur, að taka við stjórninni. Ernu og fráfarandi stjórn voru þökkuð góð störf.



Nýkjörin stjórn hittist heima hjá formanninum Ingibjörgu Þ. Þorleifsdóttur og festi fundardaga vetrarins. Einnig skipti stjórnin með sér verkum. Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir er formaður, Sigríður Sigurgeirsdóttir er ritari, Hólmfríður Árnadóttir og Kristín Sigrúsdóttir eru meðstjórnendur og Eydís Katla Guðmundsdóttir er gjaldkeri. Sigríður Guðnadóttir tók að sér umsjón heimasíðu.

Annar fundur vetrarins hjá Epsilon deild var haldinn í Þjórsárskóla mánudag 7. nóvember. Gestur fundarins var Guðbjörg Sveinsdóttir, fyrrverandi landssambandsforseti Delta Kappa Gamma. Guðbjörg hélt erindi um hvernig samtökin starfa, sem var afar fróðlegt og gagnlegt. Félagskonur voru sammála um að það væri alltaf gott að rifja upp markmið félagsins og hagnýtar upplýsingar. Að öðru leyti voru almenn fundarstörf í heiðri höfð: Félagskonur boðnar velkomnar, kveikt á kertunum þremur, orð til umhugsunar sem Ester Hjartardóttir flutti, happdrætti og önnur mál. Á boðstólum var dýrindis kjúklingasúpa og heimabakað brauð. Epsilonsystur fóru mettar og endurnærðar af fundinum.

Þriðji fundur vetrarins verður haldinn mánudaginn 5. desember í Bakkastofu á Eyrarbakka. Það verður hefðbundinn fundur með miklu jólaívaði, sjá auglýsingu sem fylgir. Sigríður Guðnadóttir er búin að setja myndir inn á svæðið okkar á heimasíðu samtakanna.

Við óskum systur okkar um allt land gleðilegra jóla og góðs nýs árs. Við þökkum árið sem er að líða.

Epsilon deild var stofnuð 1989 og starfar hún á Suðurlandinu.

Kær kveðja úr Þorlákshöfn,  
Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður.



## Mý



Hinn 12. september héldum við okkar fyrsta fund á þessu hausti, að þessu sinni í Síðuskóla á Akureyri. Stjórn deildarinnar skipuleggur þennan fyrsta fund vetrarstarfsins og höfum við haft það fyrir sið að gera þá vel við okkur í mat og drykk. Að þessu sinni fékk stjórnin Svavar A. Jónsson sóknarprest á Akureyrar-kirkju, en hann er eiginmaður einnar stjórnarkonu, til að elda fyrir okkur biblíurétti, en hann sendi frá sér matreiðslubók árið 2014 sem nefnist *Biblíumatúr: uppskriftir frá landi mjólkur og hunangs*. Svavar eldaði fyrir deildarkonur eftir uppskriftum úr bókinni. Matseðillinn hljóðaði upp á brauð með döðlum og valhnetum, gúrku- og lauksalat, hunangsbakað lambakjöt með kúskús og í eftirrætt voru vínber með gráfíkjum, döðlum og myntu.

Áður en borðhald hófst fræddi Svavar um Biblíumat, en það er matur sem á uppruna sinn að rekja til hálfmáanalaga svæðis sem nær frá botni [Persaflóa](#), eftir ánum [Efrat](#) og [Tígris](#) að [botni Miðjarðarhafs](#). Baunir, gúrkur, laukur, ólífur og krydd skipa stóran sess í Biblíumat sem og mjólkurafurðir, einnig fiskur og kjöt nema svínakjöt. Óhætt er að segja að matur Svavars sló algjörlega í gegn og sannaðist þarna málshátturinn *Matur er mannsins megin*.

Á þessum fundi var konum skipt í hópa og áttu þeir að finna áhugaverð þemu fyrir fundi vetrarins. Hugmyndir að viðfangsefnum vetrarins eru þessi: *Jafnrétti kynjanna, stuðningur við sjálfstraust kvenna til að jafna valdahlutföll í samfélaginu. Mannréttindi, þögn-andrými-friður, hamingjan, nýtt námsmat, hreyfing og útivist.*

Hver hópur á síðan að sjá um einn fund í vetur og velja eitthvað af hugmyndum um viðfangsefni til umfjöllunar í sínum fundi. Að venju var einnig orð til umhugsunar sem að þessu sinni fjallaði um samskipti á vinnustað.

Á alþjóðadegi kennara 5. október var haldið [samræðubing](#). Þingið var samvinnuverkefni Beta og Mýdeilda, en tvær konur úr hvorri deild komu að undirbúningi þess. Yfirskrift þingsins var „Nýi kennarinn í starfi“. Dagskráin hófst á tónlistaratriði kl. 15.30 en síðan var ætlunin að Ragnhildur Bjarnadóttir, fyrrverandi dósent við HÍ, og María Steingrímisdóttir, dósent við HA, ættu samræðu um rannsóknir og niðurstöður er lúta að nýja kennaranum í starfi. Ragnhildur varð því miður veðurteppt í Reykjavík en María greindi þess í stað frá rannsókn sinni um stuðning við nýja kennara í starfi. Þar á eftir sagði Hildur Hauksdóttir, kennari við Menntaskólann á Akureyri, frá rannsókn sinni á upplifun nýrra framhaldsskólakennara á fyrsta starfsári sínu og gagnlegum stuðningi.



Mýdeild var stofnuð 2011 og starfar á Norðausturlandi.



Stefán Smári Jónsson, kennari við Naustaskóla, og Sigurveig Petra Björnsdóttir, leikskólakennari á Krógabóli, komu og ræddu um og sögðu frá fyrsta kennsluári sínu. Aðgangur var ókeypis og öllum opinn, og var vel mætt.

Á öðrum fundi vetrarins var gestur okkar Andrea Hjálmsdóttir félagsfræðingur. Fyrirlestur hennar nefndist *Viðhorf unglunga til jafnréttis 1992-2014* og byggði á þremur 5 skala spurningakönnunum meðal 10. bekkinga þar sem spurt var um viðhorf unglunganna til verkaskiptingar á heimilum. Kannanirnar voru *Ungt fólk 1992* og *Heilsa og líf skjör skólanema 2006 og 2014*. Sammerkt með öllum könnunum var að stelpur er jafnréttissinnaðri en strákar. Nemendurnir 2006 voru íhaldssamari en nemendur 1992 en könnunin 2014 gefur jákvæðari mynd. Gerður var góður rómur að fyrirlestrinum og spunnust fjörugar umræður að honum loknum. Á þeim fundi fjallaði orð til umhugsunar um stöðu kvenna í samfélaginu í dag, t.d. af hverju konur kysu ekki konur og nefndi dæmi um nýlegar kosningar þar sem konur hefðu komið illa út. Þeirri spurning var velt upp hvort við, konur, séum stundum fordómafullar út í eigið kyn.



Fram undan er sameiginlegur jólafundur Mý- og Betadeilda, stjórnir beggja deilda sjá um undirbúning þessarar jólasamveru og allar veitingar. Efni fundarins verður fjölbreytt og skemmtilegt, má þar nefna tónlistaratriði, frásögn af jólahaldi í Suður-Þýskalandi hjá kapólskri fjölskyldu, orð til umhugsunar og notaleg samvera.

Bryndís Björnsdóttir, formaður.







## Lambda



Í haust hafa verið þrjú fundir í Lambdadeild DKG. Fyrsti fundur haustsins var haldinn í leikskólanum Sólhvörfum 14. september þar sem Gerður Magnúsdóttir, formaður deildarinnar, tók á móti okkur og sagði frá starfsháttum í leikskólanum. Ný stjórn tók við í deildinni í haust, en í henni sitja auk Gerðar þær Birna, Sif og Sigurborg. Stjórnin ákvað að þema vetrarins yrði velferð kennara í starfi og undir þeim formerkjum var rætt um starfsánægju og kynnt nýleg M.Ed. ritgerð Þuríðar V. Óskarsdóttur, en hún nefnist: Starfsánægja leik- og grunnskólakennara, hvað hvetur og hvað letur. Niðurstöður hennar sýna að það sem helst hvetur er að fylgjast með framförum og árangri nemenda sinna og svo góður starfsandi, hrós og hvatning á vinnustaðnum. Það sem letur er aftur á móti neikvæð samskipti, vinnuálag og þættir sem fylgja ábyrgð í starfi s.s. starfsmannamál, erfið einstaklingsmál og óljós mörk milli heimilis og skóla.



Þann 4. október þáðu Lambdasystur boð Gammadeildar og sátu fund með þeim í Landakotsskóla. Gerður flutti þar orð til umhugsunar og sagði frá kynnum sínum af tveimur konum frá Sómalíu sem hún kynntist við störf á leikskóla í Noregi. Þessar konur höfðu ekki fengið menntun eins og hún og búið við kúgun og óréttlæti en höfðu samt svo mikið fram á færa. Ingibjörg Jóhannsdóttir kynnti síðan Landakotsskóla og Anna Guðrún Júlíusdóttir kennari við skólann sagði frá kennslu tvítýngdra barna við skólann, hún talaði um lífandi gagnasafn í íslensku sem öðru máli en skólinn hafði fengið þróunarstyrk til að vinna að því. Laurie Anne Berg kynnti síðan alþjóðlegu deildina sem er hluti af Cambridge International School og fær þaðan bæði námsefni og námsmat. Í lok fundar sagði Ingibjörg Jónasdóttir frá Alþjóðþingi DKG sem hún sótti sl. sumar. Lambdasystur þakka kærlega fyrir fróðlegan fund og góðar veitingar.

Lambdadeildin var  
stofnuð  
í Reykjavík  
28. október 2010.

Lambdadeild hélt þriðja fund vetrarins 24. nóvember. Kolbrún bauð hópnum heim til sín í Garðabænum. Gestur fundarins var Magnea Þ. Ingvarsdóttir. Hún sagði frá verkefni sem hún vinnur að sem felst í að safna útgefnum ljóðum kvenna frá fyrri öldum og sagði okkur einnig frá meistaraverkefni sínu: *Enginn kann tveimur herrum að þjóna*, þar sem hún fjallar um ljóðagerð þriggja kvenna. Loks las hún úr grein sinni í tímaritinu 19. júní en þar segir hún frá leit í handritum í Þjóðskjalasafni. Guðlaug stýrði orðum til umhugsunar og ræddi um hefðir á aðventu og nauðsyn þess að rækta góðan starfsanda og gleðina í hröðum takti desembermánaðar.

Birna Sigurjónsdóttir ritari.



### Zeta



Í Zetadeild eru fjórtán konur sem búsettar eru á Fljótisdals-  
héraði og í Fjarðabyggð. Þrír fundir hafa verið haldnir þegar  
þetta er skrifað.

Fyrsti fundurinn fór fram í grunnskólanum á Eskifirði þar sem  
formaður fór yfir tilgang og markmið DKG auk þess sem hin  
ýmsu tákni voru skoðuð og skilgreind. Fundarkonur voru mjög  
ánægðar með að rifja upp þessa hluti og töldu mikilvægt að  
gera það reglulega! Snæddur var léttur kvöldverður á nýju  
hótelu á staðnum, Hótel Eskifirði.

Annar fundur deildarinnar var haldinn á Egilsstöðum.  
Snæddur var léttur kvöldverður á Café Nielsen á meðan á  
fundi stóð og að honum loknum tók Íris Sævarsdóttir á mót  
félagskonum í „Sláturfélaginu“ og sagði okkur frá starfsemi  
sinni sem fræðslufulltrúi.



Þriðji fundurinn var svo haldinn í Neskaupstað, í kaffihúsinu  
Nesbæ, en að honum loknum var okkur boðið að skoða nýja  
leikskólann Eyrarvelli á Norðfirði þar sem Halla Höskuldsdóttir  
leikskólustjóri tók á mót okkur og sagði frá starfseminni.  
Aðstaðan er öll til fyrirmyndar bæði fyrir nemendur og  
starfsfólk.

Fundastarf Zetadeildar fer vel af stað og það er hugur í  
konum. Við höfum markmið samtakanna ávallt að leiðarljósi,  
skiptumst á að kveikja á kertunum og erum þannig virkar í  
verki ☺.

Fyrir hönd Zetadeildar óskum við öðrum félagskonum DKG  
góðrar og friðsællar aðventu!

Helga Magnea Steinsson formaður.

Zetadeild var stofnuð  
1. júní 1990 og  
starfar á Austurlandi.  
Eru félagskonur frá  
Fljótisdalshéraði og neðan af  
fjörðum.





## Iota



Iotadeild var stofnuð  
5. júní 2004  
og starfar hún á  
norðanverðum  
Vestfirðum.

Stjórn Iotadeildar fundaði í september síðastliðnum og setti niður dagskrá og þema fyrir veturinn. Þemað okkar 2016-2017 er List og nýsköpun sem við ætlum að fá ólíka fræðslu um í vetur.

Við erum búnar að funda tvisvar á haustönn og hefur verið vel mætt á þá fundi. Á fyrsta fundinum var fræðsla um nýja Listabraut Menntaskólans á Ísafirði.

Á nóvemberfundinum var ein af félagskonum okkar með kynningu á mastersverkefni sínu.

Desemberfundurinn verður helgaður jólasíðum. Á nýju ári erum við með bókafund, fáum fræðslu um listþerapíu og um starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar svo fátt eitt sé nefnt. Einnig er stefnt á að fjölga í deildinni á nýju ári.

Það má því segja að það sé margt spennandi framundan hjá Iotadeildinni á Ísafirði. Með kærri jólakveðjur til ykkar allra vítt og breitt um landið.

Helga Björk Jóhannsdóttir formaður.



## Eta



Etakonur hittust á fyrsta haustfundi í lok ágústmánaðar á meðan enn var sumarblíða og blómskrúð. Hressar eftir gott sumar hófum við starfið með hæfilegum skammti af sjálfskoðun. Gestur okkar var Ragnhildur Vigfúsdóttir, ráðgjafi og markþjálfari, sem á sinn líflega og skemmtilega hátt rakti ýmsa þá þætti sem áhrif hafa á lífshamingjuna. Hún ræddi m.a. um mikilvægi þess að þekkja eigin styrkleika, sættast við og viðurkenna veikleikana og benti í því sambandi á rannsóknir og umfjöllun bandarísku fræðikonunnar Brené Brown.



Annar fundur Etadeildar var haldinn í byrjun október, en þá kom Sigríður Hulda Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og Kappakona, og ræddi við okkur um starfsánægju og lífsfyllingu. Hún vitnaði til kenninga um lykilorði hamingju - heilsu, jákvæðni, fegurð, samskipti, öryggi, tilgang og þakklæti og lagði áherslu á áhrif sjálfsþekkingar og viðhorfa á líðan og lífsgæði. Fyrir kemur að hugurinn er of virkur og um of dvalið við neikvæðar hugsanir í stað þess að velja þær jákvæðu. Af fundi fóru konur margs vísari um mikilvægi þess að velja sér viðhorf og hafa áhrif á eigin líðan.



Þriðji fundur haustsins er jólafundur í lok nóvember þar sem við munum njóta samverunnar með þeim stöllum Vigdísu Grímsdóttur og Sigríði Halldórsdóttur sem spjalla við okkur um bókina *Elsku Drauma mín* – um baráttukonuna, mannvininn, móðurina og heimasætuna á Gljúfrasteini.

Með veganesti haustfundanna höldum við Etasystur jákvæðar, fróðari og meðvitaðri inn í aðventu og jólahald og fögnum komandi dögum.

Með góðum kveðjum,  
Bryndís Guðmundsdóttir formaður.

Etadeild var stofnuð  
þann 6. júní 1997.  
Í henni eru konur frá Reykjavík  
og nágrenni.







## Peta



Vetrarstarf Þetadeildar hófst 19. september með fyrsta fund vetrarins. Fundurinn var haldinn í Krossmóa í Reykjanesbæ. Inga María Ingvarsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði hún um jafnvægið á milli vinnu og einkalífs sem oft er vandfundið, sérstaklega fyrir fólk í krefjandi starfi þar sem vinnutíminn er oft langur. Einnig fjallaði hún um ráðstefnuna: Ball í ráðhúsinu – til móts við þróttmikið þriðja æviskeið. Ráðstefnan fjallaði um þær miklu breytingar sem nú eiga sér stað á aldurssamsetningu Evrópuþjóða. Stjórnin hafði skipulagt hópavinnu þar sem deildarkonur var skipt í nokkra hópa og svara spurningunum: Af hverju mæta konur ekki/hvað myndi fá þig til að mæta og hvað vilt þú sjá á dagskrá fundanna í vetur?

Auk þess ræddu allir hóparnir um fundardaga í vetur og fundartíma. Stjórnin nýtti síðan niðurstöður hópanna við vetrardagskrá fyrir fundi Þetadeildar í vetur. Kristín Helgadóttir og Árdís Jónsdóttir ræddu um inntöku nýrra félaga, en fjölga þarf í deildinni. Í fyrra mættu um 16-18 konur á hvern fund, en 33 eru skráðar í deildina. Þrjú ár eru síðan síðasta inntaka fór fram en þá voru teknar inn 10 konur og eru 7 af þeim enn félagskonur. Stjórnin bryddaði síðan upp á þeirri nýbreytni að hafa fjöldasögn í lok fundar og sungum deildarkonur samna lagið Létur í lundu.



Annar fundur vetrarins var haldinn 17. október einnig í Krossmóa í Reykjanesbæ. Bjarnfríður Jónsdóttir var með orð til umhugsunar og rifjaði upp minningamyndir frá skólagöngu sinni. Eitt af því sem deildarkonur vildu hafa á fundum í vetur var að deildarkonur segðu aðeins frá sér á hverjum fundi og var það Þórdís Þormóðsdóttir og Sveindís Valdimarsdóttir sem kynntu sig og sögðu frá uppruna sínum og æsku, menntun, fjölskyldu og starfi. Þá fór fram klišífundur sem var mjög skemmtilegur, þá pöruðu tvær félagskonur sig saman og byrjuðu á að segja frá hvar þær voru fæddar og uppaldar, menntun og starf, hvor fékk tvær mínútur til þess. Því næst fékk hvor eina mínútu til að segja frá sögunni á bak við nafnið sitt og að lokum fékk hver 30 sekúndur til að segja frá leyndum hæfileika.

Þetadeild var stofnuð  
þann 26. nóvember 1998.  
Þetasystur eru frá  
Suðurnesjum.

Sveindís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og félagskona í Þetadeild, sagði frá starfi sínu við íslenskukennslu hjá MSS og spennandi Evrópuverkefnum sem miðstöðin tekur þátt í. Fór hún yfir tölur fyrir árið 2015, fjölda nemenda og námskeiða. Flestir íslensku nemendurnir koma á eigin vegum en einnig eru hælisleitendur í hópi nemenda og Vinnuálastofnun sendir einnig einstaklinga frá sér á námskeiðin. Sveindís fór yfir nokkur spennandi verkefni sem eru í gangi hjá MSS t.d. Lingua cafe, Flip the classroom og Speaking for yourself. Í lok fundarins sungu deildarkonur saman lagið *Á íslensku má alltaf finna svar*.



Þriðji fundur vetrarins var haldinn 21. nóvember og var það jóla-fundurinn okkar Fundurinn var haldinn á veitingarstaðnum SOHO í Reykjanesbæ og snæddu deildarkonur saman dýrindis jólamat. Fanney D. Halldórsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún ræddi um aðventuna, kristileg gildi, iðkun þakklætis og hversu mikilvægt það er fyrir sinni og sál. Þá kynnti Þórunn S. Róbertsdóttir sig, hún sagði frá menntun sinni og störfum og var kynningin hennar bæði fróðleg og skemmtileg. Þá var tónlistaratriði, en fimm stúlkur frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar léku nokkur vel valin lög á klarínett undir stjórn Geirprúðar Bogadóttur félaga í Þetadeildinni. Flutningurinn kom öllum í jólaskap og fengu tónlistarstúlkurnar lítinn þakklætisvott frá deildinni fyrir fallega spilamennsku. Gestur fundarins var Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, lýðheilsu- og viðskiptafræðingur. Hún sagði frá lífi sínu og starfi og mikilvægi lýðheilsu fyrir heill og hamingju hvernar manneskju og fyrir samfélagið allt.

Það er mikill kraftur í þetakonum og skemmtileg dagskrá fram undan á komandi vetri og vori. Mæting á fyrstu þrjá fundi vetrarins hefur verið með miklum ágætum og mættu 24 deildarkonur á jólafundinn.

Sigurlína Jónasdóttir ritari.





## Ábyrgðin er mikil og verkefnin eru mörg Ingileif Ástvaldsdóttir



Dagana 21. og 22. nóvember var ég ásamt Ingibjörgu Kristleifsdóttur, formanni FSL, og Aðalheiði Steingrimsdóttur, varaformanni KÍ, í Stokkhólmi á ráðstefnu [Education International](#) um [menntun flóttabarna](#). Við fórum sem fulltrúar KÍ á ráðstefnuna og markmiðið með þátttöku KÍ í ráðstefnunni var að afla þekkingar svo KÍ geti gert sig gildandi í stuðningi við menntun barna í hópi flóttamanna og hælisleitenda hér á landi.

Ráðstefnuna sóttu meðal annars kennarar, fólk frá kennarasamtökum víða um heim, kennaranemar og stjórnámamenn. Dagskrá ráðstefnunnar var fjölbreytt þar sem mörgum hliðum á málefnum var velt upp, allt frá því að kennarar sögðu frá starfi sínu við kennslu í flóttamannabúðum og kennslustundum í móttökulöndum til þess að sýndar voru tölur úr PISA um frammistöðu flóttabarna í skólum víðs vegar um heiminn. Einnig fengum við að heyra stjórnámamenn segja frá stefnu stjórnvalda í málefnum flóttabarna. Drjúgur tími fór í umræðuhópa og vinnustofur þar sem ráðstefnugestir ræddu málefnið frá ýmsum hliðum og fundu mögulegar lausnir og verkefni til að vinna að.

### Áhrifamest þótti mér

- Að hlusta á Hanan Al Hroub segja [frá starfi sínu](#) sem kennari í Palestínu. Hún kennir börnum sem búa við ofbeldi af völdum stríðs. Í starfi sínu leggur hún áherslu á leikinn í námi barnanna og að börnin upplifi öryggi, samkennd og hlýju í skólastofunni. Hanan Al Hroub var bæði aðalfyrirlesari og tók þátt í pallborði kennara sem kenna flóttabörnum. Aðstæður hennar og viðbrögð hennar við þeim eru gjörólíkar þeim sem ég á að venjast í skólastarfi. Eins og aðrir nemendur bera nemendur hennar reynslu sína inn í skólastofuna; reynsluheimur nemenda Hanan er stríð, hatur og ofbeldi. Hún nálgast börnin með umhyggju og auðmýkt og leggur sig fram um að skapa öruggt umhverfi fyrir nemendur sína þar sem þeir læra að takast á við veruleikann utan skólans með því að velja ekki ofbeldið. Það er ekki annað hægt en að fyllast aðdáun yfir því hvernig hún tekst á við aðstæður og helgar sig málefnum.
- Að hlusta á Natalie Scott sem hefur kennt í ólöglegum flóttamannabúðum í Frakklandi. Aðstæður þar eru ómurlegar á allan hátt svo ekki sé fastar að orði kveðið. Natalie er [öflugur bloggari](#) þar sem hún segir frá starfi sínu sem kennari. Það má sannarlega margt af henni læra.
- Að hlusta á Haldísi Holst lesa upp [ljóð eftir Warsan Shire](#) um aðstæður flóttamanna.





### Lærdómsríkast fyrir mig var

*Samráð og hlustun á rödd flóttamanna og kennara er lykillinn að gæðamenntun flóttabarna. Valdefling stéttar og nemenda.*


- Að heyra hve aðstæður flóttabarna eru mismunandi víða um heim.
- Að læra ný hugtök og skilgreiningar um fólk sem þarf af alls kyns ástæðum að yfirgefa heimili sín.
- Að heyra Melissu Cropper, varaformann kennarasamtakanna í USA, segja frá því hvaða verkefni bættust við hjá samtökunum eftir kjör Trump. Orðræða hans og fylgismanna hans einkennist af hatursáróðri og með áróðri þeirra hefur hatur verið „normaliserað“. Samtökin hafa hrint af stað vitundarvakningu meðal kennara og almennings undir slagorðinu Tell Trump to **#StopTheHate**. Hægt er að lesa frétt um vitundarvakninguna með því að smella [hérna](#).
- Að sjá greiningar Andreas Schleicher, sérfræðings OECD, á því hvernig aðstæður flóttamanna í móttökulöndum víða um heim hafa áhrif á það hvernig þeir ná að byggja upp líf á nýjum stað. Þar virðist viðurkenning á móturmáli þeirra, aðstæðum og valdefling þeirra hafa mest áhrif.
- Að fá viðurkenningu á því enn og aftur að þegar kennslustundin er miðuð við þarfir og aðstæður hópsins hverju sinni næst árangur. Þar skiptir máli að kennarar finni að þeir hafi traust til að meta hvaða efni og aðferðir henta hópnum bæði í nútíð og til framtíðar. Um þetta voru kennararnir sem starfa með flóttamönnum sammála. Þá var ekki endilega verið að fylgja námskrá eða öðrum utanaðkomandi þörfum.
- Í máli þessara kennara kom líka fram að tómskundastarf og óhefðbundið skólastarf var nauðsynlegt svo nemendum líði vel í skólanum og næðu árangri í námi og starfi.



### Erfiðast þótti mér

*Enginn heldur á sjóinn ótilneyddur nema að hann meti það svo að sjórin sé öruggari en eigið heimaland.*

- Að sjá hve verkefnin eru mörg og aðstæður margra barna erfiðar.
- Að kennaraskortur er stór hindrun í að börn á flóttu fái þá menntun sem þau eiga rétt á.
- Að finna smæð mína í þessum aðstæðum.
- Að finna að það er svo lítið sem ég get gert annað en að vanda mig við það sem ég geri nú þegar og reyna eins og ég get að vekja aðra líka til umhugsunar og aðgerða.
- Að finna út hvað það væri sem ég gæti lagt af mörkum og greina frá því fyrir framan myndavél til hvaða aðgerða ég ætlaði að grípa þegar ég kæmi aftur heim.
- Að taka þátt í umræðuhópum á ensku þar sem fæstir þeirra sem þar voru höfðu ensku sem móðurmál. Það var mjög krefjandi en lærdómsríkt.



### Skemmtilegast þótti mér

- Að kynna fólk frá öllum heimsálfum og heyra um störf þeirra að málefnum flóttabarna.
- Að finna að það er fjöldi fólks um allan heim sem er tilbúið til að leggja sitt af mörkum svo börn á flóttu geti fengið þá menntun sem þau eiga rétt á.
- Að takast á við að finna mögulegar lausnir á viðfangsefni ráðstefnunnar.
- Læra á appið þar sem öllu því sem tilheyrði ráðstefnunni var safnað saman.

### Að lokum

#### Í flóttamannabúðum á menntun að vera í forgangi eins og aðrar grunnþarfir

Við berum öll ábyrgð á því að takast á við að finna lausnir og „nýja“ framtíð fyrir fólk sem þarf af einhverjum ástæðum að yfirgefa heimaland sitt. Menntamálaráðherra Svíþjóðar, Gustav Fridolin, orðaði það svo í lok ráðstefnunnar: *Vandinn er ekki flóttamannavandi heldur vandi vegna þeirra sem ekki taka ábyrgð á þeim sem þurfa að flýja heimaland sitt.*

Þess vegna er ábyrgð allra mikil við að finna lausnir svo auðveldara verði að leysa verkefnin sem blasa við svo flóttafólk geti átt uppbyggilega framtíð á nýjum slóðum.

Skráð á Arlanda-flugvelli í Stokkhólmi miðvikudaginn 23. nóvember 2016

*Ingileif Ástvaldsdóttir* Mýdeild DKG,  
skólastjóri Þelamerkurskóla  
og varaformaður SÍ.

*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma  
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma  
studla að auknum fræðilegum og  
persónulegum þroska kvenna í  
fræðslustörfum og gæðum í menntun og  
uppeldisstörfum.*



*Delta Kappa Gamma, Íslandi*

*Haustfréttabréf 2016*



*Heimasíðan okkar er:  
<http://dkg.muna.is>*

*Heimasíða alþjóðasamtakanna er:  
<http://dkg.org>*